

aðsprófasti landsins verði í þess stað og sem endurgjald skrifstofukostnaðar veitt 200 63  
kr. árleg þóknun úr landssjóði. 30. maí.

Fyrir því latur ráðgjafinn eigi á frest skotið þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafanum þykir ísjárvert að koma á framfæri frumvarpi um hið ofanumgetna fyrirkomulag, því að með því að veita próföstunum þóknun eða laun úr landssjóði fyrir embættisstörf þeirra, virðist ný launaregla lögleidd án nægilegrar ástæðu, og þar að auki þykir ráðgjafinn geta gengið að því vísu, að þingið muni með öllu ótilleiðanlegt til að fallast á slíkt frumvarp, er myndi baka landssjóði eigi alllitinn kostnað. En að því leyti sem frumvarp það, er að ofan ræðir um, gjörir þá varatillögu, að reynt verði að útvega próföstunum árlegt endurgjald úr landssjóði fyrir skrifstofukostnað, að upphæð 100 kr., þykir loks hlýða, að geta þess, að ritstörf prófastanna virðast eigi umfangsmeiri en svo, að þeir með hægðarleik geti leyst þau af hendi sjálfir.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tíund til prests og 64  
kirkju. — Með þóknanlegu brjefi frá 30. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hing- 30. maí.  
að frumvarp til laga um tíundargreiðslu til prests og kirkju, og hafið þjer um leið getið þess, að stiptysfirvöldin fyrir hönd nefndar, er hin síðasta prestastefna hafið skipað til þess að taka til íhugunar, hvernig ákveða skyldi vald og starfsvæði prestastefnunnar, hafi sent yður frumvarp þetta með tilmælum um, að það yrði lagt fyrir ráðgjafann. Þjer hafið og látið í ljósi, að þjer ekki getið ráðið til, að gjörð sje gangskör að því, að leggja frumvarpið fyrir alþingi þetta ár, því að gegn aðalákvörðunum frumvarpsins, sem miði til þess að afnema án endurgjalds undanþágu þá, er einstöku jarðir hafa haft með greiðslu á tíund til prests og kirkju, sjeu færðar fullnægjandi mótbárur í frumvarpi því til laga um skipun prestakalla, sem lagt hafi verið fyrir alþingi 1879, en breytingu þá á innheimtu tíundarinnar, sem frumvarpið fer fram á, að verði lögð á herðar sýslumönnum, muni eigi heldur ráðlegt að framkvæma án þess, að sýslumenn fengu hæfilega þóknun fyrir hana, en af því leiddi aptur, ef til vildi, tilfinnanlega tekjurýrnun fyrir suma presta.

Út af þessu latur ráðgjafinn eigi á frest skotið þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn af ástæðum þeim, er þjer hafið tekið fram, álitur frumvarp þetta eigi lagað til að leggjast fyrir alþingi.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun handa fulltrúa 65  
stjórnarinnar á alþingi 1883. — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögum ráðgjafans hefir 30. maí.  
hans hátign konunginum 25. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að borgunin handa fulltrúa stjórnarinnar á alþingi því, sem á að koma saman á árinu 1883, skuli vera 2000 kr., og er upphæð þessi dregin frá tillaginu úr ríkissjóði nefnt ár; en það er tilfært í 6. gr. frumvarps þess til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883, sem sent hefir verið yður, herra landshöfðingi, með brjefi frá ídag.

Þetta latur ráðgjafinn eigi undan falla hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um silfurbergsnámuna í Helgu- 66  
staðafjalli. — Eptir að ráðgjafinn hafið meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfð- 30. maí.